Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið
Bt. Ellýar Katrínar Guðmundsdóttur
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

20. september, 2011

Efni: Klipping trjáa í Öskjuhlíð

Við athuganir á hindranafleti austur-vestur flugbrautar Reykjavíkurflugvallar var ljóst að tré í Öskjuhlíðinni hafa vaxið verulega upp fyrir hindranaflöt flugbrautarinnar og þar með orðin hætta fyrir flugvélar í aðflugi og flugtaki.

Að beiðni Flugmálastjórnar Íslands var framkvæmt áhættumat og niðurstaða þess var sú að lækka þurfi tré í Öskjuhlíðinni sem koma inn í hindranaflöt ofangreindrar flugbrautar. Fengin var verkfræðistofan Samsýn til að mæla út hvaða tré höfðu áhrif á hindranaflötinn og í framhaldi var Garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar kynnt niðurstaða mælinganna.

Á fundi þann 13. September sl. bentu þeir Örn Sigurðsson og Þórólfur Jónsson á að leggja þurfi erindið formlega fyrir Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar. Að fundi loknum var Þórólfi send rafræn teikning sem sýnir leyfilega hæð trjáa innan flatarins

Isavia ohf. óskar hér með eftir að tré sem skaga upp í hindranaflöt í Öskjuhlíð verði lækkuð eða felld í samvinnu við Umhverfis-og samgöngusvið, þannig að þau skagi ekki upp fyrir hindranaflöt flugbrautarinnar.

Þar sem þetta er brýnt öryggismál er þess óskað að úrlausn málsins verði hraðað eins og kostur er.

Jón B. Pálsson

Jón Baldvin Pálsson

Flugvallastjóri Reykjavíkurflugvallar

Samrit: Flugmálastjórn Íslands

SKJALAVER
HÖFUÐBORGI
21. SEP. 2011
Málsnr. 2011-09-0300
Bréfalykill 23.11

R12100372
6650

SAMKOMULAG

um endurbætur á aðstöðu fyrir farþega og þjónustuaðila á Reykjavíkurflugvelli

Innanríkisráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík gera með sér samkomulag um að skoða og meta þörf fyrir endurbætur á aðstöðu fyrir farþega og þjónustuaðila á Reykjavíkurflugvelli.

Í því felst:

- Að fallið verði frá fyrri áformum um byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri.
- Að undirbúnar verði endurbætur á aðstöðu fyrir farþega, þjónustuaðila og rekstraraðila flugvallarins. Unnið verði eftir samkomulagi við Isavia ohf. um að félagið taki yfir rekstur og eignarhald á núverandi flugstöð Flugfélags Íslands. Að gerð verði viðskiptaáætlun fyrir nýja flugstöð sem miðar að sjálfbærni hennar.
- Að norð-austur/suð-vestur flugbrautin verði lögð af og það land sem við það losnar sunnan vallarins verði skipulagt undir blandaða byggð. Innanríkisráðuneytið auglýsi lokun flugbrautar samhliða auglýsingu deiliskipulags nýrrar flugstöðvar.
- Að deiliskipulagsgerð á svæði flugstöðvarinnar verði hraðað sem kostur er svo unnt verði að hefja áætlaðar endurbætur sem fyrst. Hugmyndir að nýrri flugstöðvarbyggingu hafa verið kynntar í skipulagsráði Reykjavíkurborgar og er stefnt að því að breytt skipulag liggi fyrir að loknu auglýsingaferli í október nk. Staðfesting deiliskipulags, útgáfa byggingaleyfis og afhending lands haldast í hendur.
- Þrátt fyrir að flugskýli 6 (sjóskýli – fastnr. 202-9665 og 202-9665) á Reykjavíkurflugvelli, staðsett næst Skerjafirði, standi á mörkum þess svæðis sem samkomulagið fjallar um, verði flugvallargirðing staðsett þannig að skýli standi innan flugvallargirðingar þar til niðurstaða næst um niðurrif eða flutning. Að flutningi eða niðurrifi loknu færist girðing í þá legu sem öryggissvæði flugbrautar markar.
- Að tryggt verði að endurbætt aðstaða tryggi samkeppni á flugmarkaði og möguleika á að þjónusta fleiri en eitt flugfélag. Endurbæturnar verði hannaðar þannig að þær verði auðveldar til breytinga og brottflutnings, ásamt því að skýrt sé að Reykjavíkurborg verði ekki skuldbundin til greiðslu bóta komi til brottflutnings starfsemi af svæðinu.
- Að allt áætlunarflug færist til endurbættrar flugstöðvar.
- Að tekið verði mið af samgöngustefnu Reykjavíkurborgar á svæðinu við endurbætta flugstöð. Isavia ohf. taki upp gjaldtöku á öllum bílastæðum og tryggð verði endurgjaldslaus aðkoma almenningssamgangna við farþegaaðstöðu.
- Að flugöryggi við notkun austur/vestur flugbrautar verði bætt með því annars vegar að séð verði til þess að gróður í Öskjuhlíðinni skagi ekki upp í hindrunarfleti núverandi flugbrautar og hins vegar að heimiluð verði uppsetning aðflugsljósa fyrir nákvæmnisblindaðflug vestan við brautina. Breytt deiliskipulag vegna aðflugsljósa verði auglýst samhliða breytingum vegna flugstöðvar. Fyrir liggur tillaga garðyrkjustjórans í Reykjavík vegna trjáa sem skaga of hátt upp. Enn fremur verði fundin lausn hvað varðar aðstöðu fyrir nauðsynlegar vélar og tæki vegna rekstrar vallarins á athafnasvæði Isavia ohf. við austanverðan völlinn.
- Að allri umferð herflugvéla og flugi í þágu hertengdrar starfsemi um Reykjavíkurflugvöll verði hætt, að undanskildum þeim tilvikum þegar

Reykjavíkurflugvöllur þjónar hlutverki sem varaflugvöllur og vegna öryggis- og björgunarstarfa.

- Aðilar eru enn fremur sammála um að kannaðir verði möguleikar á hringtengingu strætó um Reykjavíkurflugvöll. Fyrir liggur yfirlýsing af hálfu Isavia ohf. um að slík hringtenging sé möguleg en eftir er að útfæra hana endanlega. Mun endanleg útfærsla taka mið af því hvort Reykjavíkurborg hyggist ráðast í fyllingar í Skerjafirði.

Fjögurra manna starfshópur verði skipaður af innanríkisráðherra og borgarstjóra til þess að vinna að ofangreindum markmiðum:

Ólafur Sveinsson, fulltrúi ráðherra, formaður
Ólöf Örvarsdóttir, fulltrúi borgarstjóra
Hrólfur Jónsson, fulltrúi borgarstjóra
Haukur Hauksson, fulltrúi Isavia ohf.

Starfshópnum er ætlað að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar samkvæmt samkomulagi þessu og að ganga frá útfærðum tillögum varðandi þau atriði sem eru ófrágengin. Vísað er til samkomulags Reykjavíkurborgar og fjármálaráðuneytisins um landakaup sem undirritað var þann 1. mars 2013 en þar kemur fram að fyrsta greiðsla Reykjavíkurborgar vegna landakaupa verði innt af hendi þegar lokun flugbrautarinnar verður gengin í gegn. Meðfylgjandi er mynd sem sýnir fyrirhugaða legu flugvallargirðingarinnar.

Áréttað er að Reykjavíkurborg fer með skipulagsvald á flugvallarsvæðinu samkvæmt skipulagslögum nr.123/2010 og innanríkisráðherra vinnur í samræmi við vilja Alþingis hvað varðar flugvöllinn eins og hann birtist í samgönguáætlun.

Reykjavík, 19. apríl 2013

Með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Jón Gnarr
borgarstjóri

Vottar:

Núverandi flugvallargirðing

Ný flugvallargirðing

Núverandi mörk rikis/borgar

Land frá ríki til Reykjavíkurborgar samkvæmt samningum árið 2013

Tillaga að landaskiptum milli Ríkis og Borgar 2013

Unnið af Mannvirkjasviði Isavia ohf

11. apríl 2013

Ríki, Reykjavíkurborg og Icelandair Group gera með sér svofellt

Samkomulag
um innanlandsflug

Ríki og Reykjavíkurborg hafa undanfarið átt í viðræðum um framtíð flugvallar í Vatnsmýri í tengslum við undirbúning og auglýsingu aðalskipulags Reykjavíkur, sem gerir ráð fyrir að flugstarfsemi víki úr Vatnsmýrinni í áföngum.

Viðræðurnar hafa byggt á því að aðilar eru sammála um að staðsetning innanlandsflugvallar á höfuðborgarsvæðinu sé fyrsti kostur. Sameiginlegir hagsmunir ríkis og borgar eru að tryggja sem besta sátt allra landsmanna um þetta mikilvæga mál og kanna því til fullnustu helstu staðsetningarkosti innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu.

Viðræðurnar hafa byggt á grunni fyrri samninga milli ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Afstaða ríkisvaldsins er að tryggja öryggi í innanlandsflugi með þeim hætti að næstu ár geti flugvöllur í Vatnsmýri sinnt því hlutverki sem honum er ætlað. Til að koma til móts við það og gefa svigrúm fyrir vinnu við að kanna aðra kosti hefur Reykjavíkurborg fallist á að gera þá breytingu á fyrirliggjandi tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur að norður-suður-brautinni verði áfram tryggður sess í aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2022, í stað 2016 eins og fyrirliggjandi tillaga gerir ráð fyrir.

Sameiginleg athugun ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group á flugvallarkostum

Ríki, Reykjavíkurborg og Icelandair Group eru sammála um að fullkanna aðra kosti til rekstrar innanlandsflugs en framtíðarflugvöll í Vatnsmýri. Aðilar eru einnig sammála um að staðsetning nýs flugvallar á höfuðborgarsvæðinu er fyrsti kostur og hvetja til þess að möguleg ný flugvallarstæði verði ekki útilokuð við endurskoðun á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sem stendur yfir.

Ábyrgðarmenn verkefnisins eru innanríkisráðherra, borgarstjóri og forstjóri Icelandair Group. Hver aðili um sig tilnefnir einn aðila í stýrihóp verkefnisins sem verður undir formennsku Rögnu Árnadóttur, sem er sameiginlegur fulltrúi samningsaðila. Jafnframt verður settur upp samráðshópur sem fær reglulega upplýsingar um framvindu

vinnunnar. Þar eigi m.a. sæti fulltrúar sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, hagsmunaaðila í flugi, Landspítala, Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og fulltrúar áhugahópa með og á móti flutningi flugvallarins.

i) Stýrihópurinn hefur heimild til að kalla eftir vinnu sérfræðinga sem aðilar samkomulagsins leggja þeim til. Jafnframt er gert ráð fyrir að stýrihópurinn komi sér saman um ráðgjafafyrirtæki með víðtæka reynslu af skipulagi og hönnun flugvalla til að draga fram valkosti og bestu lausnir fyrir mögulegan flugvöll. Athugunin miðist m.a. við lengri brautir, kjörlegu þeirra og aðra þætti sem ekki hafa komið til skoðunar í fyrri athugunum en stuðlað geta að góðri nýtingu vallarins.

ii) Einnig verði lagt mat á rekstrargrundvöll og möguleg sóknarfæri sem nýr flugvöllur með þróunarmöguleika til framtíðar hefur í för með sér fyrir íbúa, ferðaþjónustu og atvinnulíf.

iii) Reglulega verði gerð grein fyrir framvindu verkefnisins en lokaskil verði eigi síðar en í árslok 2014.

Gjört í Reykjavík 25. október 2013

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra

Jón Gnarr
borgarstjóri

Hanna Birna Kristjánsdóttir
innanríkisráðherra

Dagur B. Eggertsson
formaður borgarráðs

Björgólfur Jóhannsson
forstjóri Icelandair Group

Í framhaldi af undirritun meðfylgjandi samkomulags milli ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group munu ríki og Reykjavíkurborg vinna í samræmi við áður undirritaða samninga. Undirbúningur eftirfarandi verkefna mun þegar hefjast:

i) Aðilar fylgi eftir auglýstu deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir stækkun alþjóðlegu flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Vatnsmýri, enda er starfsemi hennar óháð staðsetningu innanlandsflugs, sbr. yfirlýsingar Isavia.

ii) Aðilar ljúki vinnu við endurskoðun á deiliskipulagi fyrir flugvallarsvæðið og að tilkynnt verði um lokun NA/SV-brautarinnar samhliða auglýsingu þess, síðar á þessu ári. Samtímis skal endurskoða núgildandi skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll til samræmis.

iii) Þegar lokun NA/SV brautarinnar hefur verið staðfest verða ný lendingarljós tekin í notkun í samræmi við breytt deiliskipulag og nauðsynlegur fjöldi trjáa í Öskjuhlíð felldur í þágu flugstarfseminnar. Aðilar leiti þó sameiginlega leiða til að milda sjónræn áhrif hinna nýju lendingarljósa frá fyrirliggjandi tillögum og takmarka fellingu trjáa í Öskjuhlíð. Óháð öðrum verkþáttum sem í samkomulaginu felast munu innanríkisráðuneytið og Isavia hafa forgöngu um að kennslu- og einkaflugi verði fundinn nýr staður í nágrenni borgarinnar í samræmi við áður gefin fyrirheit vegna endurbyggingar vallarins um síðustu aldamót og skal stefnt að því að framkvæmdir verði hafnar eins fljótt og verða má.

Gjört í Reykjavík 25. október 2013

Hanna Birna Kristjánsdóttir
innanríkisráðherra

Jón Gnarr
borgarstjóri

isavia

SKJALAVER
HÖFÐATORGI
26. FEB. 2016
Málsnr.: US620160200080
Bréfalykill: 8/8

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
B/t Ólafar Örvarsdóttur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 22.febrúar 2016

Efni: Tré í hindranaflötum flugbrauta á Reykjavíkurflugvelli

Kæra Ólöf

Það hefur legið fyrir um skeið, að trjágróður hefur vaxið uppí hindranafleti á flugbrautum á Reykjavíkurflugvelli og skapar það sívaxandi hættu fyrir flugvélar bæði í aðflugi og flugtaki. Hér er bæði um að ræða trjágróður í Öskjuhlíð og í Hljómskálagarði.

Mikil vinna var lögð í mælingar vegna þessa á árinu 2011 og var niðurstaða áhættumats sem þá var gert, að grípa yrði til aðgerða til að lækka tré sem eru í hindranafleti og jafnvel þarf að fjarlægja trjágróður í einhverjum tilfellum. Ekki náðist niðurstaða um framkvæmdir vegna þessa var ekkert aðhafst frekar í málinu á þessum tíma.

Eins og gengur hefur vandamálið vaxið, í samræmi við vöxt trjánna frá þeim tíma sem mælingar voru gerðar. Það er því komið að því, að ekki verður unnt að veita áfram viðunandi þjónustu á þær flugbrautir sem um ræðir, þar sem trjágróður skapar of mikla hættu við notkun brautanna.

Isavia vill því í samráði við Reykjavíkurborg gera þær lagfæringar sem þarf til að bæta þessa stöðu. Um er að ræða lækkun á trjágróðri bæði við enda flugbrautar 13/31 við Öskjuhlíð og við enda flugbrautar 01/19 við Hljómskálagarð. Meðfylgjandi eru teikningar sem skýra betur þann vanda sem við er að eiga. Samgöngustofa hefur haft þessi mál til meðhöndlunar og hafa verið opnuð frávik á flugvöllinn vegna þessara atriða. Það er því nauðsynlegt að fá niðurstöðu sem fyrst þar sem málið er mjög brýnt vegna reksturs flugvallarins.

Það væri mjög gott ef mögulegt er að setja á fund vegna þessa hið fyrsta, þar sem við gætum farið betur yfir málin og skýrt þau atriði sem ekki eru skýr. Ég hlakka til að heyra frá ykkur.

Kær kveðjur

Jón Karl Ólafsson
framkvæmdastjóri flugvallasviðs

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 11. jan. 2017

Fréttatilkynning.

Á næstu vikum verða felld tré í Öskjuhlíð sem vaxið hafa upp í hindrunarflöt á flugbraut 13/31 samkvæmt áhættumati Isavia og samkomulagi um innanlandsflug frá 25. okt. 2013. Samkvæmt greiningu þarf að fella um 130 grenitré (rauðir punktar á korti). Taka þarf hæstu grenitrén á svæði sem um ræðir en annar lægri trjágróður verður eftir, skógurinn er ekki eingöngu vaxinn greni. Það má þó búast við að það geti þurft að gróðursetja nýjan trjágróður þar sem mörg há grenitré standa saman í lundi og þurfa að fara.
Í forsögn er áréttað að raski verði haldið í lágmarki og umferð tækja verði takmörkuð eins og hægt er. Gætt verði sérstaklega að öryggi gesta bæði á meðan verki stendur og eftir vinnutíma. Reykjavíkurborg mun hafa eftirlit með verkinu og áskilja sér rétt til að samþykkja eða hafna verklagi og taka út svæðið eftir framkvæmd en Isavia ræður verktaka sem fellir trén, dregur út og kurlar. Áætluð verklok eru um miðjan mars.
Fyrir liggur að trjástofnarnir muni fara í byggingu hofs Ásatrúarsafnaðarins sem reisa á í Öskjuhlíð skammt frá vinnusvæðinu. Kurlið verður nýtt í stígagerð eða á gróðursvæði í borginni.



Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Bréfsími 411 8505
www.reykjavik.is

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

Frá: Viðar Jökull Björnsson <Vidar.Bjornsson@isavia.is>
Sent: þriðjudagur, 10. nóvember 2020 08:44
Til: Þórólfur Jónsson <thorolfur.jonsson@reykjavik.is>; Einar Guðmannsson <einar.gudmannsson@reykjavik.is>
Afrit: Ólafur Rafn Brynjólfsson <Olafur.Brynjolfsson@isavia.is>; Ingólfur Magnússon <ingolfur.magnusson@isavia.is>
Efni: Hágrysjun - Öskjuhlíð og Hljómskálagarður

Sælir Þórólfur og Einar

Takk fyrir fundinn 4.nóv s.l. og fyrir samhuginn að tækla þetta með okkur.
Tilgangurinn verkefnisins er auðvitað fyrst og fremst að huga að öryggi loftfaranna og farþega þeirra.

Meðfylgjandi er pdf-skjal sem Ingólfur Magnússon, aðflugshönnuður setti saman út frá gögnunum sem við keyptum frá Loftmyndum.
Ég held að þetta sé í takt við það sem þið rædduð, bæði umgjörð gagnanna og lýsingar en fjöldi trjáa á óskalistanum okkar er 23 stk.

Í Öskjuhlíðinni eru það 8 tré sem fara upp fyrir línu VSS-flatarins og því langmikilvægast að séu felld sem fyrst.
Önnur 10 tré eru frá 0-50cm fyrir neðan þessa línu og því stutt í að þau flokkist sem krítísk.

Í Hljómskálagarðinum eru það 5 tré sem þyrfti að hágrysja og koma þau nokkuð skýrt fram í gögnunum.

Við erum að sjálfsögðu reiðubúnir að aðstoða eins og við getum og ekki hika við að hafa samband ef eitthvað þarfnast frekari útskýringar.
Endilega leyfið okkur að fylgjast með framvindunni, því það eru takmarkanir í gildi á flugbraut 31 sem við viljum gjarnan aflétta sem fyrst.

Kærar þakkir aftur fyrir samvinnuna.

Kv. Viðar

Með kveðju,
Viðar Jökull Björnsson
Flugvallarstjóri / Airport Manager
Umdæmisstjóri / District Manager

Sími: 424 4000
Beint: 424 5353

Isavia Innanlandsflugvellir ehf.
Reykjavíkurflugvöllur
vidar.bjornsson@isavia.is

Fyrirvari/disclaimer

BIRK RNAV(GNSS) RWY 31

Hindranir í VSS og OCS

September 2019

Ingólfur Magnússon
Flugferlahönnuður - Flight Procedure designer
AIS

isavia

Skv. PANS-OPS I-4-5.4.6 eiga öll aðflug að vera varin fyrir hindrunum í sjónflugshluta aðflugsins. Um er að ræða tvo fleti, VSS og OCS.

VSS

Breidd flatarans er sama og strip brautarinnar, byrjar 60m fyrir framan þröskuld í þröskuldshæð og og víkkar um 15% og endar þar sem hæð flatarins nær OCH. Halli flatarins er 1.12° undir útgefnum aðflugshalla. Halla flatarins fyrir braut 31 í Reykjavík er 3.33°

Ekki ætti að birta aðflug þar sem hindranir skera VSS flöt án frekari skoðunar (Aeronautical study) og mögulegra mildunaraðgerða.

Mögulegar mildundaraðgerðir eru:

- Lækka eða fjarlægja hindranir
- Hækka aðflugshorn (ekki er hægt að hækka aðflugshorn umfram það sem nú er)
- Færa þröskuld (displaced threshold)

Ef aðflug þar sem hindranir skera VSS flöt er birt þarf að sýna það á viðkomandi korti.



Figure I-4-5-6 b). Visual segment surface other approach procedures normal straight-in approach

Mynd 1. VSS

Við skoðun kom í ljós að flest þau tré sem okkur er kunnugt um skera VSS flötinn fyrir braut 31 frá c.a. 0.6m upp í rúma tæpa 7m.

Miðað við þessar upplýsingar er líklegt að stór hluti trjágróðurs innan VSS, norðan við miðlínu brautar 31, skeri VSS flötinn.


VSS

OCS

Í nóvember 2018 tók í gildi ný uppfærsla á Pans-Ops og þá kom til sögunnar nýr hindranaflötur sem liggur innan VSS flatarins og kallast OCS. Þessi flötur byrjar við þröskuld og upphafsbreidd er **30m** út frá brautarkanti sitthvoru megin. Halli flatarins er 0.5°- 1.0° (eftir tegund aðflugs) undir útgefnum aðflugshalla og endar þar sem hæð flatarins nær OCH. Halli flatarins fyrir braut 31 í Reykjavík er 3.45°. **Þessi flötur skal vera alveg laus við hindranir.**



Mynd 2. OCS

Við reglulega endurskoðun á BIRK RNAV(GNSS) RWY 31 kom í ljós að trjátoppur (BIRKOB22593) í Öskjuhlíð, sem var mældur af Loftmyndum ehf. í tengslum við vinnu vegna Area 2, stendur upp úr OCS hindranafleti. Viðkomandi trjátoppur var mældur sumarið 2018 og var þá 39.3m y.s. og svo aftur sumarið 2019 og var þá orðinn 39.7m y.s. Þetta sýnir að ekki er óvarlegt að áætla að trjágróður á þessu svæði geti vaxið allt að 0.5m á ári.

Í framhaldinu var óskað eftir því við Loftmyndir að svæði norðan megin við miðlínu yrði skoðað betur og við þá skoðun kom í ljós að að lágmarki þrjú tré standa upp úr OCS hindranafleti og nokkur önnur eru innan við 1 meter fyrir neðan flötin.

Þar sem engar hindranir mega standa upp úr OCS fleti hefur verið sent út NOTAM þar sem LNAV lágmörk að braut 31 eru afturkölluð og því einungis heimilt að fljúga niður í hringflugslágmörk.



Hæðir trjátoppa í Öskjuhlíð 2018.
Myndin sýnir hæðir trjátoppa yfir sjávarmáli í landshæðarkerfi miðað við hindranaflöt OSC sem kom frá Isavia. Hæðir eru mældar af loftmyndum sem teknar voru sumarið 2018.
Grænir punktar tákna tré sem eru minna en 1m undir fleti.
Rauðir punktar tákna tré sem ná upp fyrir flöt.

Taflan hér að neðan sýnir nokkur tré sem skera OCS hindranaflötinn eða eru innan við 1m fyrir neðan hann. Rauðar tölur sýna tré sem skera hindranaflötinn. Þessi niðurstaða gefur ástæðu til þess að það verði kannað nánar hvort og hvaða fleiri tré skera OCS hindranflötinn eða eru nálægt því. Miðað við mælinguna á BIRKOB22593 sem getið var hér að ofan er líklegt að flest trén í töflunni skeri hindranaflötinn á næsta ári.

OBST iD	ELEV (m)	Dist to THR (m)	OCS ELEV (m)	Penetrates	Penetration (≈m)
BIRKOB22593	39.7	458.3	39.11	Y	-0.59
OCS007	45.39	567	45.67		0.28
OCS001	51.4	651	50.7	Y	-0.7
OCS003	50.88	654	50.9		0.02
OCS002	51.31	658	51.1	Y	-0.21
OCS004	51.44	665	51.5		0.06
OCS008	54.49	723	55		0.51



Til hægt sé að birta LNAV aðflugslágmörk á ný fyrir braut 31 þarf að hefja vinnu við athugun á því hvort ásættanlegt sé að birt sé aðflug þar sem fjölmargar hindranir skera VSS hindranaflöt.

Verði niðurstaða þeirrar vinnu sú að birta megi LNAV lágmörk yrði texti settur á kort og einnig myndum við leggja til að teiknað yrði kort sem sýnir svæðið þar sem hindranir skera VSS flötinn. Þetta kort væri t.d. hægt að birta í kafla AD 2.23 í AIP.

Þar sem ekki má birta LNAV lágmörk fyrir braut 31 ef hindranir skera OCS flötinn þá er nauðsynlegt skoða hvort fleiri tré skeri flötinn og í framhaldi því hvaða lausnir er í boði.

- Flest trén sem skera eða eru nálægt fletinum eru á svipuðum slóðum og því væri hægt að skoða möguleikann á að fella tré á því svæði.
- Birta aðeins hringaðflugslágmörk fyrir braut 31 þar sem ekki er gerð krafa um verndun á þessum svæðum þegar ekki er um að ræða aðflug að braut.
- Færa þröskuld (Displaced threshold). Dýr framkvæmd og það þyrfti líklega að stytta brautina töluvert til að sama vandamál komi ekki upp aftur þegar trjágróðurinn hefu vaxið áfram.

Frá: Viðar Jökull Björnsson <Vidar.Bjornsson@isavia.is>
Sent: þriðjudagur, 10. nóvember 2020 08:44
Til: Þórólfur Jónsson <thorolfur.jonsson@reykjavik.is>; Einar Guðmannsson <einar.gudmannsson@reykjavik.is>
Afrit: Ólafur Rafn Brynjólfsson <Olafur.Brynjolfsson@isavia.is>; Ingólfur Magnússon <ingolfur.magnusson@isavia.is>
Efni: Hágrysjun - Öskjuhlíð og Hljómskálagarður

Sælir Þórólfur og Einar

Takk fyrir fundinn 4.nóv s.l. og fyrir samhuginn að tækla þetta með okkur.
Tilgangurinn verkefnisins er auðvitað fyrst og fremst að huga að öryggi loftfaranna og farþega þeirra.

Meðfylgjandi er pdf-skjal sem Ingólfur Magnússon, aðflugshönnuður setti saman út frá gögnunum sem við keyptum frá Loftmyndum.
Ég held að þetta sé í takt við það sem þið rædduð, bæði umgjörð gagnanna og lýsingar en fjöldi trjáa á óskalistanum okkar er 23 stk.

Í Öskjuhlíðinni eru það 8 tré sem fara upp fyrir línu VSS-flatarins og því langmikilvægast að séu felld sem fyrst.
Önnur 10 tré eru frá 0-50cm fyrir neðan þessa línu og því stutt í að þau flokkist sem krítísk.

Í Hljómskálagarðinum eru það 5 tré sem þyrfti að hágrysja og koma þau nokkuð skýrt fram í gögnunum.

Við erum að sjálfsögðu reiðubúnir að aðstoða eins og við getum og ekki hika við að hafa samband ef eitthvað þarfnast frekari útskýringar.
Endilega leyfið okkur að fylgjast með framvindunni, því það eru takmarkanir í gildi á flugbraut 31 sem við viljum gjarnan aflétta sem fyrst.

Kærar þakkir aftur fyrir samvinnuna.

Kv. Viðar

Með kveðju,
Viðar Jökull Björnsson
Flugvallarstjóri / Airport Manager
Umdæmisstjóri / District Manager

Sími: 424 4000
Beint: 424 5353

Isavia Innanlandsflugvellir ehf.
Reykjavíkurflugvöllur
vidar.bjornsson@isavia.is

Fyrirvari/disclaimer

Frá: Ólöf Örvarsdóttir
Sent: miðvikudagur, 6. október 2021 15:11
Til: Viðar Jökull Björnsson <Vidar.Bjornsson@isavia.is>; Þórólfur Jónsson <thorolfur.jonsson@reykjavik.is>
Afrit: María Níelsdóttir <maria.nielsdottir@reykjavik.is>
Efni: Re: Öskjuhlíð og Reykjavíkurflugvöllur
Sæll
Ég skal finna tíma, myndi gjarnan vilja hafa Þórólf Jónsson með mér
Með kveðju
Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri
Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartúni 12-14

On 6 Oct 2021, at 13:33, Viðar Jökull Björnsson <Vidar.Bjornsson@isavia.is> wrote:

Sæl Ólöf
Hefurðu haft tækifæri á að skoða hentuga tímasetningu eða ætti ég kannski að koma með tillögu að tíma?
Kv. Viðar
From: Viðar Jökull Björnsson
Sent: fimmtudagur, 30. september 2021 16:42
To: olof.orvarsdottir@reykjavik.is
Subject: Öskjuhlíð og Reykjavíkurflugvöllur
Sæl Ólöf
Mig langar gjarnan að óska eftir stuttum fundi með þér vikuna 11-15.október – eftir þínum hentugleika.
Helst myndi ég vilja taka á móti þér hér á Reykjavíkurflugvelli, en annars getum við haft þetta TEAMS-fund.
Erindið er tréin í Öskjuhlíð sem valda okkur vandræðum m.t.t. aðflugsferla inn á flugbraut 31.
Við myndum þá undirbúa stutta kynningu á erindinu og fara í gegnum vandamálið með þér.
Hlakka til að heyra frá þér.
Kv. Viðar
Með kveðju,
Viðar Jökull Björnsson
Flugvallarstjóri / Airport Manager
Umdæmisstjóri / District Manager

Sími: 424 4000
Beint: 424 5353
<image001.jpg>
<image002.png>
Isavia Innanlandsflugvellir ehf.
Reykjavíkurflugvöllur
vidar.bjornsson@isavia.is

15.12.2011 - - Fundur nr. 96 - Umhverfis- og samgönguráð

4. Klipping trjáa í Öskjuhlíð.

Lagt fram til kynningar á ný bréf Isavia dags. 20. september 2011 ásamt áður framlögðum gögnum málsins og umsögn Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Fulltrúar Æ, S, D lögðu fram eftirfarandi bókun:

Eftir að hafa farið yfir þau gögn sem borist hafa geta fulltrúar DÆS í umhverfis- og samgönguráði ekki orðið við beiðni Isavia um fellingu trjáa í Öskjuhlíð.

Fulltrúi VG lagði fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúi VG situr hjá við afgreiðsluna. Hann fór fram á frestun á málinu þar sem ný gögn komu inn á fund sem ekki hefur gefist tími til að gaumgæfa en ekki var orðið við þeirri beiðni.

Fulltrúar Æ, S, D lögðu fram eftirfarandi bókun:

Erindi Isavia hefur ítrekað komið inn á borð Umhverfis- og samgönguráðs síðan það barst þann 20. september 2012. Rétt er að umsögn Skógræktarfélags Reykjavíkur barst ekki fyrr en við upphaf fundar, en í ljósi þess hve málið hefur verið rætt ítarlega og þar sem umsögnin rennir eingöngu frekari stoðum undir afstöðu fulltrúa S, Æ og D var ekki fallist á frestun.

Reykjavík, 1. mars 2016

USK2016020080

8.18

Isavia

Jón Karl Ólafsson

Flugturninn Reykjavíkurflugvöllur

101 REYKJAVÍK

Tré í hindranaflötum flugbrauta á Reykjavíkurflugvelli.

Vísað er til bréfs Isavia dags. 22. febrúar s.l., þar sem óskað er eftir því, að Reykjavíkurborg og Isavia framkvæmi trjáfellingar í Öskjuhlíð og Hljómskálagarði. vegna þess að trjágróður á þessum stöðum skapi oft hættu á notkun flugbrauta Reykjavíkurflugvallaar.

Reykjavíkurborg vísar til meðfylgjandi samkomulags milli ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group, dags. 25. október 2013, þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram í lið iii. : "Þegar lokun NA/SV brautarinnar hefur verið staðfest verða ný lendingarljós tekin í notkun í samræmi við nýtt deiliskipulag og nauðsynlegur fjöldi trjáa í Öskjuhlíð felldur í þágu flugstarfseminnar. Aðilar leiti þó sameiginlega leiða til að milda sjónræn áhrif hinna nýju lendingarljósa frá fyrirliggjandi tillögum og takmarka fellingu trjáa í Öskjuhlíð..." Ekki er gert ráð fyrir trjáfellingu í Hljómskálagarði í samkomulaginu.

Nú er stendur yfir rekstur dómsmáls um gildi ofangreinds samkomulags fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Þar til niðurstaða liggur fyrir í dómsmálinu, telur Reykjavíkurborg rétt að bíða með efndir á þessum hluta samkomulagsins.

Örn Sigurðsson

skrifstofustjóri

/ Trjágróður í Öskjuhlíð og Hljómskálagarði

Nóvember 2020

isavia

ÖSKJUHLÍÐ

Skv. greiningu frá Loftmyndum ehf. eru 497 tré í Öskjuhlíð sem skera sk. VSS og OCS hindranafleti fyrir aðflug að braut 31 í Reykjavík. Af þeim eru 8 tré sem skera OCS flöt.

Skv. reglum er mögulegt að leyfa hindranir í VSS fleti að undangengnu sk. ”aeronautical study” sem gæti t.d. verið í formi öryggismats.

Inn í OCS fleti mega engar hindranir vera og á meðan svo er eingöngu heimilt að birta hringflugslágmörk sem eru í þessu tilfelli nokkuð hærri en lágmörk beint að braut.

Nauðsynlegt er að fjarlægja þau tré sem skera OCS flöt og auki væri æskilegt að fjarlægja að auki þau tré sem eru 0-0.5 m undir OCS fletinum til að sama vandamál sé ekki komið upp strax næsta sumar.

Skv. greiningu eru það samtal 18 tré sem skera flötinn og eru frá 0 til 0.5m undir fleti

Taflan hér að neðan sýnir þau tré sem þarf að fella

ID	Lat	Long	X	Y	Z	Clearance	Infringement
3	64:07:33.84	-21:-55:-15.78	357758.5707	405860.0718	52	1.2628	YES
4	64:07:33.90	-21:-55:-15.75	357759.0620	405861.9091	51.8	1.0906	YES
1	64:07:33.77	-21:-55:-16.01	357755.3617	405858.0502	51.6	0.9731	YES
2	64:07:33.69	-21:-55:-15.88	357757.0044	405855.4942	51.7	0.9118	YES
5	64:07:34.92	-21:-55:-22.19	357673.4735	405897.4884	46	0.8437	YES
123	64:07:33.96	-21:-55:-16.12	357754.1466	405863.9965	50.8	0.4108	YES
264	64:07:34.96	-21:-55:-22.41	357670.5571	405898.8634	45.1	0.1377	YES
96	64:07:33.53	-21:-55:-15.16	357766.5077	405850.0947	51.5	0.0529	YES
95	64:07:33.49	-21:-55:-15.79	357757.9349	405849.2511	51	-0.0196	-
228	64:07:34.79	-21:-55:-21.53	357682.2085	405893.0542	45.6	-0.1465	-
91	64:07:33.47	-21:-55:-20.07	357700.0540	405851.3080	47.7	-0.2067	-
122	64:07:33.97	-21:-55:-16.44	357749.8355	405864.5058	49.9	-0.247	-
97	64:07:33.52	-21:-55:-14.61	357773.9277	405849.4416	51.6	-0.2575	-
402	64:07:36.10	-21:-55:-29.04	357582.5743	405938.2762	38.9	-0.271	-
207	64:07:34.61	-21:-55:-22.37	357670.5968	405888.0114	45	-0.2813	-
73	64:07:33.27	-21:-55:-14.78	357771.2723	405841.8143	51.6	-0.3402	-
297	64:07:35.19	-21:-55:-23.39	357657.6400	405906.5912	43.6	-0.4554	-
85	64:07:33.43	-21:-55:-14.55	357774.6100	405846.6200	51.5	-0.4759	-

122
123
4
3
1
2
91
95
96
97
85
73

297
264
5
228
207
91

402

HLJÓMSKÁLAGARÐUR

Fyrir nokkrum árum voru felld tré í Hljómskálagarði þar sem þau skáru VSS hindranaflöt og eru nálægt miðlínu brautar 19 í Reykjavík.

Skv. greiningu Loftmynda ehf. Eru nú 5 tré í Hljómskálagarðinum sem skera VSS fleti fyrir braut 19.

ID	Description	Lat	Long	X	Y	Z	Clearance	Infringement
19	OBST	64:08:22.58	-21:-56:-18.05	356987.0117	407406.8266	24.3	1.5798	YES
20	OBST	64:08:22.73	-21:-56:-18.51	356981.0129	407411.7558	24.3	1.3723	YES
6	OBST	64:08:22.52	-21:-56:-18.35	356982.8724	407405.1591	23.8	1.141	YES
18	OBST	64:08:22.54	-21:-56:-18.37	356982.6310	407405.7904	23.4	0.7152	YES
17	OBST	64:08:22.45	-21:-56:-18.28	356983.7174	407402.9498	23.2	0.6313	YES

Ingólfur Magnússon
Flugferlahönnuður - Flight Procedure designer
AIS

Samgöngustofa

Ármúla 2
108 Reykjavík
Sími 480 6000
samgongustofa.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2024
Tilv.:24051725 / HHó

Efni: Trjágróður í Öskjuhlíð

Vísað er til minnisblaðs Isavia innanlandsflugvalla (ISI) um trjágróður í Öskjuhlíð sem sent var Reykjavíkurborg 6. júlí 2023 (sjá viðhengi). Eins og fram kemur í minnisblaðinu er hæð trjágróðurs farinn að hafa áhrif á flugöryggi í tengslum við aðflug og brottflug loftfara á Reykjavíkurflugvelli og mikilvægt að Reykjavíkurborg bregðist við.

Samgöngustofa hefur auk þess fengið afrit af samskiptum milli Isavia innanlandsflugvalla og Reykjavíkurborgar undanfarin ár varðandi öryggisógn þá sem trjágróður skapar gagnvart loftförum sem nota ákveðnar flugbrautir á Reykjavíkurflugvelli.

Samgöngustofa vill upplýsa Reykjavíkurborg um að stofnunin auðkenndi frávik á Reykjavíkurflugvelli þann 27. nóvember 2023 vegna hindrana (þ.e. trjágróðurs) í aðflugs- og brottflugsflötum flugvallarins. Frestur ISI til að loka frávikinu hefur verið veittur til 2. september nk. en Samgöngustofa hefur ítrekað framlengt frestinn þar sem Reykjavíkurborg hefur ekki brugðist við beiðnum ISI um að lækka trjágróðurinn. Samgöngustofa hefur nú upplýst ISI um að frekari frestur til að loka frávikinu verði ekki veittur.

Samgöngustofa vill benda Reykjavíkurborg á 148. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022, sem kveður á um frávik frá hæðartakmörkunum o.fl. við setningu skipulagsreglna en þar kemur eftirfarandi fram:
Óheimilt er að víkja frá hæðartakmörkunum eða öðrum takmörkunum á eignarrétti, afnotum og nýtingu eigna sem kveðið er á um í skipulagsreglum flugvallar án samþykkis Samgöngustofu.

Samkvæmt framangreindu er óheimilt að láta tré vaxa upp í hindranafleti flugvallarins, á sama máta og óheimilt er að byggja mannvirki sem fara upp í hindranafleti, án samþykkis Samgöngustofu. Í þessu samhengi er vísað til skipulagsreglna Reykjavíkurflugvallar sem sýna þau svæði, hindranafleti, sem um ræðir á og í nágrenni við flugvöllinn.

Samgöngustofa kallar hér með eftir því að Reykjavíkurborg bregðist við og lækki og/eða felli trjágróður og taki þátt í því með Isavia innanlandsflugvöllum í kjölfarið að vakta vel og reglulega allan trjágróður umhverfis flugvöllinn til að koma í veg fyrir endurtekningu á því að trjágróður skapi óásættanlega áhættu fyrir flugöryggi.

Samgöngustofa vísar einnig til 149. gr. laga um loftferðir um framfylgni með skipulagsreglum flugvallar. Ákvæðið er svohljóðandi:
Sveitarstjórnum skal heimilt að beita valdheimildum sínum samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki til að tryggja framfylgni við skipulagsreglur flugvallar sem tekið hafa gildi. Þar sem eftirliti sveitarstjórna á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki sleppir skal Samgöngustofa hlutast til um að skipulagsreglum flugvallar sé framfylgt.
Ef takmörkun samkvæmt skipulagsreglum er ekki hlítt án þess að fyrir liggi samþykki Samgöngustofu skv. 2. mgr. 148. gr. skal Samgöngustofa setja þeim er í hlut á frest til að ganga löglega frá málum. Sama gildir ef ekki er framfylgt skilyrðum fyrir samþykki skv. 148. gr.

Ef frestur líður án þess að úr sé bætt er Samgöngustofu heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir með atbeina lögreglu.

Samgöngustofa vísar jafnframt til 232. gr. laga um loftferðir varðandi verndarráðstafanir:
Samgöngustofu er heimilt að grípa til hvers konar ráðstafana til að bregðast við byrjuðum eða yfirvofandi vanda er tengist öryggi í flugi ef vandinn felur í sér alvarlega áhættu á sviði flugöryggis og þörf er á tafarlausum aðgerðum til að bregðast við.

Samkvæmt framangreindu hefur Samgöngustofa veitt Isavia innanlandsflugvöllum frest til 2. september nk. til þess að framkvæma úrbætur vegna umrædds fráviks sem felst í að lækka trjágróður í Öskjuhlíð niður fyrir hindranafleti í að- og brottflugsferlum. Fari svo að Isavia innanlandsflugvellir nái ekki samkomulagi við Reykjavíkurborg um aðgerðir mun Samgöngustofa fara í nauðsynlegar aðgerðir til þess að fjarlægja þær hindranir sem eru í Öskjuhlíð, á kostnað Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,

Hákon Varmar Önnuson,
Eftirlitsmaður flugvalla

Erla Daðadóttir,
lögfræðingur

Afrit: Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Isavia innanlandsflugvalla
Fylgiskjöl: Minnisblað ISI dags. 6. júlí 2023

Reykjavík, 14. október 2024
USK23080128

Samgöngustofa
Ármúla 2
108 Reykjavík

Efni: svar við erindi Samgöngustofu til Reykjavíkurborgar, dags. 27. maí 2024.

Vísað er til framangreinds erindis Samgöngustofu þar sem Reykjavíkurborg er gert að bregðast við og lækka og/eða fella trjágróður í Öskjuhlíð. Verði þeim aðgerðum ekki lokið fyrir 2. september 2024 muni Samgöngustofa láta fjarlægja trén á kostnað borgarinnar.

Forsaga
Árið 2017 voru felld 140 tré í Öskjuhlíð í samvinnu Isavia ohf. og Reykjavíkurborgar. Fram til ársins 2022 voru felld um það bil 10 tré á ári í samráði við Isavia. Árið 2023 barst svo Reykjavíkurborg erindi/minnisblað frá Isavia innanlandsflugvöllum ehf. (Isavia) þar sem þess er krafist að Reykjavíkurborg bregðist við án tafar og annað hvort felli um 2900 tré, og bregðist þannig við í eitt skipti fyrir öll, eða felli um 1200 tré þá þegar. Í minnisblaðinu er vísað til tvenns konar hindranaflata umhverfis flugvöllinn, sk. VSS og OCS flata. Engin hindrun megi fara upp í OCS flötinn, VSS-flötur skuli einnig vera hindranalaus en fari hindrun upp í hann megi meta áhrif hennar á öryggi og niðurstaða slíks mats geti verið að lækka hindrun eða fjarlægja. Ekki kemur fram í minnisblaðinu hvar í íslenskum rétti sé fjallað um OCS og VSS fleti og skyldu sveitarfélags til að tryggja að gróður eða aðrar hindranir skagi ekki upp í þá.

Í framangreindu erindi Samgöngustofu frá 27. maí sl. er vísað til minnisblaðs Isavia án frekari skýringa. Vísað er til 148. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022, sem kveði á um frávik frá hæðartakmörkunum o.fl. við setningu skipulagsreglna þar sem fram komi að óheimilt sé að víkja frá hæðartakmörkunum sem kveðið sé á um í skipulagsreglum flugvallar án samþykkis Samgöngustofu. Samgöngustofa fer í erindinu fram á að Reykjavíkurborg bregðist við og lækki eða felli trjágróður í Öskjuhlíð að öðrum kosti muni stofnunin láta fella tré í landi borgarinnar á hennar kostnað. Ekki kemur fram nákvæmlega hversu mörg tré en leiða má líkur að því að annað hvort sé átt við 1200 tré eða 2900 tré sbr. minnisblaðið sem fylgir erindinu og vísað er til án athugasemda.

Að beiðni Reykjavíkurborgar áttu fulltrúar borgarinnar tvo fundi með fulltrúum Samgöngustofu í ágúst sl. Á þeim fundum var farið yfir hvað fælist í OCS og VSS-flötum og voru það góðir fundir þrátt fyrir að ekki fengjust fullnægjandi skýringar á því hvar í íslenskum lögum væri að finna grundvöll þeirrar kröfu sem sett hefði verið fram á hendur borginni um fellingu trjáa í Öskjuhlið, hvaða lagaheimildum (íslenskum) væri byggt á og hvernig krafan samrýmdist hindranaflötum sem birtir væru í gildandi skipulagsreglum flugvallarins.

Reykjavíkurborg lét engu að síður fella 35 tré í Öskjuhlíð í byrjun september, nánar til tekið þau tré sem þegar sköguðu upp í OCS-flöt þegar mælt var árið 2022 og svo þau tré sem ætla má að gætu vaxið upp í hann á þessu ári, 2024. Reykjavíkurborg upplýsti

einnig Samgöngustofu um að samtal hefði verið í gangi milli borgar og Isavia um fyrirkomulag umhirðu skógarins í Öskjuhlíð til lengri tíma sem tæki tillit til framangreindra hindranaflata en tryggði á sama tíma að svæðið fengi að njóta sín sem sá vinsæli útivistarskógur borgarbúa sem það er. Samgöngustofa veitti þá Reykjavíkurborg frest í einn mánuð til að svara erindi stofnunarinnar.

Sjónarmið Reykjavíkurborgar

